

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 7. desember 2010 í máli nr. S-358/2010:

Ákærvaldið

(Jón Einarsson fulltrúi)

gegn

Friðriki Hrafni Pálssyni

(Brynjar Nielsson hrl.)

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn í Borgarnesi með ákæru 28. september 2010 á hendur ákærða, Friðrik Hrafni Pálssyni, kt. ..., Svarthömrum 18 í Reykjavík. Málið var dómtekið 17. nóvember sama ár.

Í ákæruskjali er ákærða gefin að sök líkamsárás „með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. apríl 2009, staddur fyrir utan skemmtistaðinn B57 í Borgarnesi, ráðist á Hákon Sveinbjörnsson, kt. ..., og fyrst slegið hann í höfuðið með grjóti, með þeim afleiðingum að Hákon fékk snert af heilahristingi, 4 cm langan skurð á vinstra gagnauga svo djúpan að sást í höfuðkúpu í sárbotni, mar og bólgu neðan við vinstra auga, tennur og króna á tönn brotnuðu, gervitönn losnaði, bólgu í tannholdi og skurði á innanverðri eftir vör. Sauma þurfti sárið á gagnauga Hákons með þremur sporum af djúpum saumi og setja síðan húðsaum þar ofan á. Síðan hafi Friðrik ráðist að nýju á Hákon og slegið hann einu sinni með krepptum hnefa í andlitið. Síðan hafi Friðrik ráðist að nýju á Hákon, sem þá var staddur utan við útibú Laugarnesvideo í Borgarnesi, og slegið hann tvívegis með krepptum hnefa í andlit.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa Hákons Sveinbjörnssonar, en hann krefst þess að ákærða verði gert að greiða sér 1.337.150 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 11. apríl 2009 til 28. maí 2010, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi ákærða.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins, en til vara að honum verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa. Þá er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð. Loks er gerð sú krafa að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I

Hinn 11. apríl 2009, kl. 2 um nóttina, barst lögreglunni í Borgarnesi tilkynning um átök fyrir utan skemmtistaðinn B57 við Borgarbraut þar í bæ. Lögregla fór þegar á vettvang og fékk þær upplýsingar að Hákon Sveinbjörnsson hefði verið laminn í höfuðið en hann hafði verið færður til aðhlyningar á heilsugæslustöðina í Borgarnesi. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var fullyrt við lögreglu á vettvangi að ákærði hefði ráðist á Hákon, en því neitaði hann og kvaðst sjálfur hafa orðið fyrir árás.

Í vottorði 8. maí 2009, sem ritað er af Ingbóri Friðrikssyni, lækni, segir svo um áverka Hákons:

„Við skoðun er hann í alblóðugri skyrtu. Á vinstra gagnauga er djúpur skurður um 4 cm að lengd. Það sést í höfuðkúpu í sárbotni, ekki sést brot. Einnig sést mar og bólga neðan við vinstra auga niður á kinn. Ekki eru eymsli við nefbeinið. Augnhreyfingar eru symmetriskar og ekki kemur fram tvísýni við prófun. Ekki eymsli við indirekt álag á höfuðkúpu. Við skoðun á andlitsbeinum koma fram eymsli yfir vinstra kinnbeini. Margo inferior á orbita þreifast heil.

Hann var saumaður með þremur sporum af djúpum saum og svo settur húðsaumur þar yfir.“

Einnig liggur fyrir ódagsett vottorð Daða Hrafnkelssonar, tannlæknis, en þar segir svo um þá áverka sem Hákon hlaut:

„Hér með staðfestist að undirritaður tók á móti ofangreindum sjúklingi þann 20. apríl 2009 vegna skaða sem hann hafði orðið fyrir á tönnum og munnholi.

Við skoðun má sjá að tönn 21 er brotin og mobil, tönn 22 sem er implant og króna er brotin, tönn 32 er einnig brotin, þó minna en hinar tvær. Talsverð bólga í tannholdi við tennur sem sködduðust í efri góm.

Smávægilegir skurðir á innanverðri efri vör, stór skurður á enni sem hlúð var að á Heilsugæslunni í Borgarnesi.“

Ákærði leitaði sér einnig aðhlyningar á Landspítalanum daginn eftir atburði. Í vottorði Hlyns Þorsteinssonar, sérfræðings á slysa- og bráðadeild, frá 6. nóvember 2009 segir að eymsli finnist í vinstri þumli, sem talinn er vera tognaður, auk þess sem ákærði hafi verið með snert af heilahristingi.

II

1.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 30. apríl 2009 greindi ákærði frá því að umrætt kvöld hefði hann verið að skemmta sér á veitingahúsinu B57. Á stigapalli fyrir utan skemmtistaðinn kvaðst ákærði hafa tekið eftir að unnusta vinar hans var að troðast undir mannfjöldanum, en við því hefði hann brugðist með að ýta nærstöddum frá til að ná stúlkunni undan þvögunni. Þetta hefði valdið reiði hjá gestum veitingahússins sem ráðist hefðu að ákærða, en frá stigapallinum hefðu átökin borist niður á jörðina. Þar hefðu margir ráðist að ákærða samtímis, þar á meðal strákur að nafni Hákon. Ákærði kvaðst ítrekað hafa lent á jörðinni og til að verja sig hefði hann gripið lítinn stein, sem passaði vel í lófann, og notað til að slá frá sér. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa slegið einu sinni frá sér með steininum og hefði höggið lent á fyrrgreindum Hákonni án þess þó að ákærði gerði sér grein fyrir hvar höggið lenti á Hákonni. Eftir þetta hefði linnt árásum frá þessum hópi en í kjölfarið hefðu aðrir komið og ráðist að ákærða og sparkað í hann þar sem hann lá á jörðinni. Einnig tók ákærði fram að í þeim átökum hefði tekið þátt strákur að nafni Hákon Ólafur Hrafnsson og hefði hann beitt hamri gegn sér. Þessu hefði svo linnt þegar lögregla kom á vettvang, en í átökunum kvaðst ákærði hafa fengið rispúr, bólgur og mar víða um líkamann.

2.

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum á þann veg að vinkona hans, Sæunn Rós Finnbogadóttir, hefði traðkast undir mannfjölda og ákærði reynt að ná henni á fætur. Við þetta hefði skapast æsingur og taldi ákærði að nærstaddir hefðu talið hann með einhver læti. Þá hefði Hákon Sveinbjörnsson komið ásamt félögum sínum og hefðu þeir ráðist á ákærða með höggum og spörkum. Tók ákærði fram að Hákon hefði haft sig í frammi ekki síður en aðrir. Þessu hefði svo lyktað með því að ákærði hefði endað í jörðinni og slegið frá sér án þess að gera sér grein fyrir hvort einhver hefði orðið fyrir höggum frá honum. Aðspurður taldi ákærði þó hugsanlegt að hann hefði slegið Hákon. Einnig sagði ákærði að hann hefði aldrei verið með grjót í hendi, en nánar aðspurður um frásögn hjá lögreglu sagðist ákærði hafa tekið mól í lófann. Eftir að þessum átökum lauk sagði ákærði að Hákon Ólafur Hrafnsson ásamt fleirum hefði ráðist að sér við myndbandaleigu í nágrenninu. Þar hefði ákærði verið sparkaður niður, auk þess sem reynt hefði verið að beita hamri gegn honum. Að lokum hefði Ívar Orri Þorsteinsson, félagi ákærða, komið og skakkað leikinn, en þessu hefði endanlega lokið þegar lögregla kom á vettvang.

III

Vitnið Hákon Sveinbjörnsson lýsti atvikum þannig fyrir dómi að troðningur hefði myndast á stigapalli fyrir framan skemmtistaðinn. Kvaðst Hákon hafa orðið var við að einhver ýtti við sér til að aðstoða stúlku sem var liggjandi. Hákon kvaðst

þá hafa reynt að hjálpa þeim sem var að aðstoða stúlkuna en þá hefði ákærði komið og talið vitnið hafa hrint stúlkunni. Hákon kvaðst hafa reynt að leiðrétta þetta gagnvart ákærða en honum hefði verið ýtt frá. Þessu næst sagðist Hákon hafa fengið þungt högg á höfuðið þannig að fossblæddi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þann sem sló en ákærði hefði staðið nærri. Um framhaldið sagði Hákon að hann hefði ætlað með félögum sínum á myndbandaleigu í nágrenninu í því skyni að fá stúlku sem þar starfaði til að aka vitninu á heilsugæsluna. Á leiðinni þangað kvaðst Hákon hafa hitt ákærða og hefðu þeir runnið saman. Nánar lýsti Hákon þessu þannig að ákærð hefði slegið sig nokkur högg á munninn en vitnið tekið um ákærða til að verjast höggum hans. Þessu hefði síðan lokið með því að Hákon Ólafur Hrafnsson hefði gengið á milli. Aðspurður sagði Hákon að nafni sinn hefði ekki verið með hamar. Einnig kvaðst vitnið aldrei hafa slegið til ákærða. Um áverka sína sagði Hákon að gerviframtönn hefði losnað og brotnað upp úr tönn í neðri góm. Einnig kvaðst vitnið hafa fengið djúpan skurð á enni.

Vitnið Ingvar Kristjánsson bar fyrir dómi að mikið mannhaf hefði verið í stiganum fyrir utan skemmtistaðinn. Þar kvaðst vitnið hafa séð ákærða slá Hákon Sveinbjörnsson í höfuðið þar sem Hákon stóð á stigapallinum. Um viðbrögð sín sagði Ingvar að hann hefði gengið á milli og dregið Hákon með sér inn, en Hákon hefði farið strax út aftur og á eftir ákærða til að svara fyrir sig. Þegar hér var komið hefði einhver annar strákur, sem vitnið þekkti ekki, gengið í skrokk á ákærða, sem hefði verið búinn að rífa sig úr að ofan. Vitnið kvaðst að lokum hafa séð ákærða liggjandi á jörðinni við myndbandaleiguna skammt frá skemmtistaðnum. Aðspurður kvaðst Ingvar ekki hafa tekið eftir átökum þar á milli ákærða og Hákons. Þessu hefðu svo lyktað með því að farið var með Hákon á heilsugæslustöðina.

Vitnið Heiðar Karlsson greindi frá því fyrir dómi að mikill troðningur hefði orðið í stiganum fyrir utan skemmtistaðinn en þar hefði stúlka verið að troðast undir. Við þetta hefði ákærði orðið æstur og einhver kýtingur verið með honum og Hákon Sveinbjörnssyni. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð átök milli þeirra en tók þó fram að mikill mannfjöldi hefði verið á pallinum. Um framhaldið sagði vitnið að ákærði hefði verið eltur að myndbandaleigunni í nágrenninu og þar hefði komið til átaka milli ákærða og Hákons þar sem höggin gengu á milli þeirra. Heiðar kvaðst hafa séð þau átök í fjarlægð en þegar hann kom að og sótti ákærða hefði hann legið í götunni eftir að hafa verið sparkaður niður.

Vitnið Ívar Orri Þorsteinsson kom fyrir dóm og sagði að fyrir utan skemmtistaðinn hefði stúlka lent undir í troðningi. Þar á stigapallinum kvaðst Ívar ekki hafa tekið eftir átökum en í kjölfarið hefði Hákon Sveinbjörnsson farið á eftir ákærða og til einhverra átaka komið milli þeirra. Að lokum þegar ákærði var dreginn á brott sagði vitnið að hann hefði verið alblóðugur.

Vitnið Birgir Nikulásson sagði fyrir dómi að ákærði og Hákon Sveinbjörnsson hefðu verið að deila þar sem þeir stóðu á stigapallinum við skemmtistaðinn. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna eftir átökum þeirra á milli. Einnig sagði Birgir að stúlka hefði dottið á stigapallinum og kvaðst vitnið hafa ýtt fólki frá til að aðstoða hana á fætur.

Vitnið Sæunn Rós Finnbogadóttir, sem féll í stiganum fyrir framan skemmtistaðinn, greindi frá því fyrir dómi að einhver átök hefðu brotist út í

stiganum, en hún kvaðst ekkert hafa séð þar sem hún lá niðri. Vitnið kvaðst þó hafa tekið eftir að ákærði hljóp á brott, en einhverjir hefðu veitt honum eftirför og ráðist að honum.

Vitnið Kamila Agnarsdóttir, unnusta ákærða, bar fyrir dómi að brotist hefðu út átök í stiganum fyrir utan skemmtistaðinn vegna manns sem vísað var frá staðnum og í kjölfarið hefði verið ráðist að ákærða.

IV

Ákærða er í *fyrsta lagi* gefið að sök að hafa slegið Hákon Sveinbjörnsson í höfuðið með grjóti fyrir utan skemmtistaðinn B57 í Borgarnesi með tilgreindum afleiðingum, í *öðru lagi* að hafa ráðist að nýju að Hákon og slegið hann einu sinni með krepptum hnefa í andlitið og loks í *þriðja lagi* að hafa slegið hann tvívegis með krepptum hnefa í andlitið við útibú Laugarnesvideo í Borgarnesi.

Ákærði neitar sök og skýrði hann svo frá bæði fyrir dómi og hjá lögreglu að ráðist hefði verið á sig í stiganum fyrir utan skemmtistaðinn er hann kom Sænni Rós Finnbogadóttur til aðstoðar þegar hún var að troðast undir í mannfjöldanum. Þaðan hefðu átökin borist niður á jörðina þar sem ákærði hefði átt í vök að verjast gagnvart þeim sem veittust að honum, þar með talið Hákon Sveinbjörnssyni.

Vitnið Hákon Sveinbjörnsson bar fyrir dómi að hann hefði fengið þungt högg á höfuðið þar sem hann stóð á stigapallinum eftir að hafa aðstoðað Sænni. Við þetta hefði fossblætt úr höfði Hákons og var á honum að skilja að afleiðing höggsins hefði verið sá skurður sem hann hlaut á höfði. Hákon kvaðst ekki hafa séð þann sem sló en ákærði hefði staðið nærri. Vitnið Ingvar Kristjánsson greindi hins vegar frá því fyrir dómi að hann hefði séð ákærða slá Hákon í höfuðið í umrætt sinn. Önnu vitni sem voru nærri og hafa gefið skýrslu fyrir dómi hafa ekki getað borið um að ákærði hafi í umrætt sinn slegið Hákon. Að því gættu þykir ekki sannað eingöngu með vætti Ingvars að ákærði hafi slegið Hákon í stiganum og verður hann sýknaður af þessu ákæruatriði.

Af framburði Hákons og annarra vitna fyrir dómi verður ekki ráðið að orðið hafi frekari átök milli hans og ákærða fyrr en við myndbandaleigu í nágrenni skemmtistaðarins. Kemur því aðeins til skoðunar hvort ákærði hafi þegar þangað var komið gerst sekur um líkamsárás gagnvart Hákon, en þar er ákærða gefið að sök að hafa slegið Hákon tvívegis með krepptum hnefa í andlitið.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu skýrði ákærði svo frá að hann hefði til að verja sig gripið lítinn stein, sem passaði vel í lófann, og notað til að slá frá sér. Kvaðst ákærði hafa slegið einu sinni frá sér með steininum og hefði höggið lenti á Hákon á þess þó að ákærði gerði sér grein fyrir hvar höggið lenti á honum. Fyrir dómi sagði ákærði hins vegar að hann hefði varist með því að slá frá sér eftir að hafa verið hafður undir. Taldi ákærði hugsanlegt að hann hefði slegið Hákon án þess þó að gera sér grein fyrir. Þegar framburður ákærða fyrir dómi er virtur í ljósi frásagnar hjá lögreglu er skýrsla hans hér fyrir dómi því marki brennd að ákærði sé eftir mætti að gera sem minnst úr hlut sínum. Verður að hafa þetta í huga við mat á frásögn ákærða.

Vitnið Hákón Sveinbjörnsson bar fyrir dómi að ákærði hefði slegið sig nokkur högg á munninn þegar þeir mættust aftur við myndbandaleiguna í nágrenni skemmtistaðarins. Þessi framburður Hákons er studdur vætti vitnanna Heiðars Karlssonar og Ívars Orra Þorsteinssonar, en þeir hafa greint frá því fyrir dómi að komið hafi til átaka milli ákærða og Hákons við myndbandaleiguna. Þá koma þeir áverkar sem Hákón hlaut heim og saman við lýsingu hans á atvikum fyrir dómi. Að öllu þessu virtu er sannað gegn neitun ákærða að hann hafi ítrekað slegið Hákón í andlitið eins og honum er gefið að sök. Í ákæru er ekki byggt á því að tiltekna afleiðingar hafi hlotist af þessari líkamsárás. Eins og saksókn er hagað verður háttsemin því felld undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Vitnin Ingvar Kristjánsson, Heiðar Karlsson og Ívar Orri Þorsteinsson hafa borið fyrir dómi að Hákón Sveinbjörnsson hafi farið á eftir ákærða í kjölfar atburða við skemmtistaðinn. Þau viðbrögð hans voru að sínu leyti skiljanleg í ljósi þess að hann taldi ákærða hafa veitt sér áverka. Á hinn bóginn verður ekki vísað á bug þeirri skýringu ákærða að hann hafi talið sér ógnað og að komið hafi til átaka, en Hákón bar fyrir dómi að þeir hefðu runnið saman. Þetta verður þó með engu móti virt þannig að viðbrögð ákærða gagnvart Hákonni hafi getað helgast af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga, svo sem hreyft var við vörn málsins og verður ákærði því sakfelldur fyrir brotið. Aftur á móti hefur þetta áhrif við ákvörðun viðurlaga, sbr. 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

Ákærði var rétt liðlega tvítugur þegar hann framdi brotið. Samkvæmt sakavottorði hefur hann frá árinu 2006 fimm sinnum gengist undir viðurlög hjá lögreglu vegna brota gegn umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Einnig gekkst ákærði undir að greiða 70.000 króna sekt fyrir dómi 25. febrúar 2008 vegna brots gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga með síðari breytingum.

V

Brotapoli krefst skaðabóta að fjárhæð 1.337.150 krónur úr hendi ákærða, en krafan sundurliðast annars vegar í skaðabætur vegna sjúkrakostnaðar að fjárhæð 737.150 krónur og miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur. Til stuðnings kröfunni er vísað til 1. gr. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Krafa um sjúkrakostnað er að verulegu leyti reist á kostnaðaráætlun tannlæknis en reikningar vegna hluta fjárhæðarinnar voru fyrst lagðir fram við aðalmeðferð málsins. Þykir því óhjákvæmilegt að vísa þessum kröfandi frá dómi.

Með broti sínu hefur ákærði felld á sig miskabótaábyrgð og verður sú krafa tekin til greina. Þykja þær bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Jafnframt verður tekin til greina vaxtakrafa eins og hún er sett fram, en upphafsdagur dráttarvaxta er miðaður við það tímamark þegar mánuður var liðinn frá því krafan var kynnt ákærða. Enn fremur verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem greinir í dómsorði.

Loks verður ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, gert að greiða sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvalds og málsvarnarlaun verjanda síns samkvæmt ákvörðun dómsins, en þau þykja hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti svo sem greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærða gert að greiða ferðakostnað verjandans.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Friðrik Hrafn Pálsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði Hákonni Sveinbjörnssyni 300.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 11. apríl 2009 til 28. maí 2010, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 180.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 285.350 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Nielssonar, hæstaréttarlögmanns, 200.800 krónur, og 16.650 krónur vegna ferðakostnaðar verjandans.

Benedikt Bogason